

Guðveldi og samtímasögur á 13. öld

I. Inngangur

Sturla Þórðarson (1214–84) er helsti heimildarmaður okkar um lokaskeið þjóðveldisins og hinn eini sem við er að styðjast um tímann frá 1213 til 1242. Frásögn hans nefnist Íslendingasaga og er uppistaðan í Sturlungu.¹ Sturla var orðinn beinn þátttakandi í átökum og atburðum um 1235 og lifði af hildarleikinn sem lauk 1264. Fræðimenn hafa löngum hælt Sturlu fyrir friðsemi hans á ófriðaröld, hreinskiptni í pólitískum hráskinnaleik og óhlutrægni í sagnaritun.² En Sturla var stjórnmalamaður sem háði harða valdabaráttu og má undarlegt heita ef hann hefur ekki reynt að fegra hlut sinn og sinna og leitast við að réttlæta gjörðir sínar og sinna eða bæta stöðu sína á einhvern hátt í skrifum sínum. Hann var enn í eldflúnu stjórn mála árið 1282. Tvennt er til, Sturla hefur verið alveg einstakur maður fyrir sinn tíma, og gert strangar kröfur til sjálfs sín um fræðimennsku og óhlutrægni, eða að þeir sem treysta honum nánast í öllu, þar með sagnfræðingar, hafa látið blekkjast.

Meginspurningin snýst um minni og vald, Sturla átti í svo til samfelldri valdabaráttu á bilinu 1235–82 og hlaut hann því ekki að notfæra sér minnið í pólitískum tilgangi? Með minni er þá átt við minningar hans og annarra sem hann móðaði úr og setti fram með sínum hætti, og spurningin er hvort hann hafi ekki gert það sem stjórnmalamaður fremur en fræðimaður í nútímaskilningi.

II. Hvenær var Íslendingasaga samín?

Frásögn Sturlu Þórðarsonar um tímann fram til 1242 er fullburða verk og vaknar þá spurning um það hvort hann hafi samið þennan kafla sérstaklega fyrir 1271 eða svo. Atriði í frásögninni í þessum kafla benda til að Sturla hafi ekki samið hann fyrr en eftir að hann hafði dvalist í Noregi, m.ð.o. eftir 1263.³

Engar líkur eru til að Sturla hafi samið neitt af Íslendingasögu fyrr en eftir 1264 og verður fyrst fyrir að staðnæmast við árin 1265–7. Sturla hraktist úr landi 1263 á fund Magnúsar Noregskonungs og var þá settur til að semja sögu föður hans. Henni hafði hann lokið 1265 og er álitamál hvort hann kom þá heim til Íslands til stuttrar dvalar 1266 eða 1267 eða var samfellt í Noregi 1263 til 1271 þegar hann kom út með lögbókina Járnsíðu. Hann kann að hafa byrjað á Íslendingasögu meðan stóð á þessari æfluðu Íslandsdvali um 1266 og er hugsanlegt að þá hafi frásögnin fram til 1242 orðið til.

Sturla var á Íslandi frá 1271 og var lögmaður alls landsins 1272–6 en fyrir norðan og vestan 1277–82. Vorið og sumarið 1278 dvaldist hann í Noregi og mun þá hafa tekið að sér að semja sögu Magnúsar lagabætis. Frásagnir sínar í Íslendingasögu um tímann eftir 1242 kann hann því að hafa samið um 1276 eða frá 1278. Það er heldur ekki ótrúlegt að hann hafi fengið við að semja Sturlubók Landnámu frá 1278.⁴

¹ Hér er stuðst við útgáfu þeirra Jóns Jóhannessonar og félagar frá 1946, *Sturlunga saga* I–II, og er jafnan vísað til hennar með tölum innan sviga í meginmáli.

² Dæmigerð umsógn úr seinni tíð er hjá Peter Hallberg, Sturla ritur með „typical restraint and objectivity“, hann hefur úrugg tók á efniinu vegna þekkingar, t.d. í lýsingum Snorra, „the balanced and objective attitude of his account is admirable“ og hann hafði „unbiased outlook toward men and events“, sbr. Sturlunga saga, *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia* (1993), 617, 618. Fullryða má að viðhorf af þessu tagi ráði því hvernig fræðimenn almennt nota Íslendingasögu.

³ Pétur Sigurðsson, Um Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta* VI.2 (1933–5), 154.

⁴ Sveinbjörn Rafnsson bendir á atriði sem sýna sérstakan áhuga í Sturlubók á fjölda skattbænda nyrðra og vestra, sbr. *Sögugerð Landnámabókar. Um íslenska sagnaritun á 12. og 13. öld* (Rit safni Sagnfræðistofnunar 35, 2001), 18. Þetta getur komið heim við lögmennsku Sturlu frá 1278.

III. Stjórnámálaðurinn Sturla Þórðarson

Sturla hlaut vart sæmd frá konungi fyrirhafnarlaust, hann varð stöðugt að gæta virðingar sinnar og pólitískrar stöðu. Þetta má glöggst ráða af því þegar hann lenti á milli fylkinga árin 1276–7. Sturla brá þá til utanferðar og hitti konung. Hlaut hann fylla sæmd hátignarinnar, var herraður og kom út 1278.⁵ Er það vísbending þess að konungur hefur skilið að hann hefur viljað sigla milli skers og báru en þó haft hagsmuni konungsins að leiðarljósi.

Virðist hafa einkennt Sturlu að sigla milli skers og báru og hann hélt þannig á málum að honum lánaðist að komast af. Annað einkenni á Sturlu var það að hann studdist jafnan við hinn völdugasta mann á hverjum tíma, Sturlu Sighvatsson, Þórð kakala, Þorgils skarða og Gissur Þorvaldsson. Hinn sterki maður sem hann studdist við eftir 1263 var sjálfur Magnús konungur lagabætur.

Þorgilssaga skarða veitir einkum hugmynd um það hvornig Sturla hagaði sér í valdabaráttu, í sögunni gætir töluverðrar aðdáunar á Sturlu og á hinu sama örlar líka í Þórðarsögu, Sturla hefur notið álitis í röðum Sturlunga og fyigismanna þeirra. Metnaðargjörn stórmenni (e. 'big men') urðu að afla sér álitis fyrir ágæti sitt á einhverjum sviðum og komu þá til greina lagabekking, málsnilld, þekking á fortíðinni eða erlendum atburðum og frásagnargáfa. Allt þótti þetta hæfa stórmennum. Stórmennin reyndu að vekja umtal, draga að sér athygli og segja þannig frá að eftir væri tekið og til þess vitnað. Þau sögðu frá ferðalögum eða töldu sig hafa vitneskju úr mikilvægum heimildum eða lögðu út af draumum sínum. Stórmenni sem náðu árangri höfðu jafnan mikinn samferingarkraft.⁶

Sturla fékk orð á sig fyrir það á 13. öld að vera forspár og vita margt sem öðrum var hulið. Hann virðist hafa fært sér trúgirmi fólks í nyt, eins og kemur t.d. fram í Sturluþætti. Vafalaust hefur Sturla oft tekið áhættu með forspám sínum og ekki alltaf reynst sannspár en í heimildum er sjálfsagt minna hirt um slík tilvik.

Í Þorgilssögu birtist Sturla okkur sem dæmigert stórmenni sem reynir sífellt að auka virðingu sína og fjölda fylgismönnum sínum en árið 1263 hafa orðið snögg umskipti þegar Sturla fór til Noregs og kom heim annar maður, konungsmaður.

IV. Konungsmaðurinn Sturla Þórðarson

Eftir 1263 gerði Sturla vafalaust og talaði og skrifaði eins og konungur, Magnús lagabætur, ætlaðist til. Magnús var ótrúlega valdamikill og áhrifamikill konungur á evrópska vísu síns tíma. Konungur kom mjög til móts við kirkjuna og jók völd hennar á ýmsan hátt og virðist hafa haft þá köllun að beita valdi sínu þannig að það yrði kirkjunni jafnframt til framdráttar.

Hugmyndafræði sú sem kemur fram í Konungsskuggsjá, 'den teokratiske ideologi', var ríkjandi í Noregi í tíð Magnúsar lagabætur, það sem nefna mætti hugmyndafræði guðveldis.⁷ Konungur var guðs útvalinn og stjórn Hákonar gamla taldist hafa notið guðs blessunar þar sem hann ríkti einn í Noregi og hafði tekist að koma á friði eftir langvarandi ófrið milli margra manna sem allir þóttust réttbornir til konungstignar. Veldi konungs var upphafið, hann var ekki ábyrgur gagnvart mönnum þar sem hann stóð svo nærri guði, var 'Kristur drottins'.

Sturla hefur orðið að tileinka sér þessar hugmyndir um guðlega stöðu konungs og hann hefur gerst guðrækilegur í afstöðu sinni. Hann orti kvæði um þann atburð að Magnús lagabætur gekk að eiga Engilborgu (Ingeborg), dóttur Eiríks plöggpenings Danakonungs, árið

⁵ Við Magnús Stefánsson er stuðst um það að bréfin hafi verið ritað 1276 og 1277, sbr. Frá goðakirkju til biskupakirkju. *Saga Íslands* III (1978), 169–70.

⁶ Lamont Lindstrom, „Big men and the conversational market-place of Tanna (Vanatu)“. *Ethnos* 53 (1988), 159–70. Helgi Þorláksson, Draurnar Dalamanns. *Fjölmiðarvil til fagnaðar Einarí G. Péturssyni fimmtugum* (1991), 43–9. Þarna er vísað til fleiri skrifa um stórmenni.

⁷ Sverre Bagge, *Den politiske ideologi i Kongespeilet* (1979), 540–53.

1261, og var vígður til konungs í leiðinni og krýndur. Í kvæðinu segir Sturla m.a. að Magnús hafi fengið dóttur heilags konungs og guð veiti honum þannig gnótt gæfu. Eins og kemur fram í Hákonarsögu lét Abel Valdimarsson taka Eirík konung, bróður sinn, af lífi og gerðist sjálfur Danakonungur 1250. Í *Agripi af sögu Danakonunga* er Eiríkur nefndur „hinn helgi“.⁸ Sturla bætir við í kvæðinu að Eiríkur ráði öllu hjá guði og þroski Magnúsar gangi ætíð að óskum.⁹ Til eru brot úr erfikvæði, ortu eftir Magnús konung, og er nánast vafalaust að Sturla orti. Sumum hefur þó sýnt það svo guðrækilegt að það hljóti að vera ort af klerki en ekkert er því til fyrirstöðu að Sturla hafi ort það, sterk rök mæla með því.¹⁰

Og víst er að Sturla tileinkaði sér fljótlega réttar skoðanir á því að hvaða leyti stjórn Hákonar gamla hefði verið til fyrirmyndar. Hann segir í lok Hákonarsögu m.a., „Af tók hann öll manndráp og fóthögg. ... Ættvíg öll lét hann af taka, svo að engi skyldi gjalda annars tilverka nema bæta þeim er lög segði.“¹¹ Það kom í hlut Sturlu að boða hinar nýju hugmyndir um að enginn gæti stundað hefnd að vild, þá væri konungi að mæta. Konungur skyldi gerast sjálfkrafa vígsakaraðili og Sturla flutti landsmönnum hina nýju lögbók Járnsíðu árið 1271 þar sem þessar hugmyndir koma fram.

V. Um hvað er Íslendingasaga?

Við verðum að athuga það að hinn gæmi og hófsami Sturla, sem er að líkindum að segja frá á bilinu 1265–84, og dáði hina hófsömu menn, Þórð fíður sinn og Þorvald Gissurarson í Hruna, var ekki endilega hinn sami og sá sem gerðist höfðingi í Dölum um 1240. Sturla var auðsæilega áhugasamur um að gerast höfðingi og virðist hafa verið metnaðargjarn og seigur nokkuð að bjarga sér í afar viðsjárverðum heimi.¹²

Er ekki sýnt að Sturla hafi verið öðrum höfðingjum friðsamari. Menn segja að hans sé lítt getið við vopnaskak en við vitum þó að hann átti nafngreind, kunn vopn og var á bardögum (sbr. t.d. I, 517-18; II, 188-9). Hann var líklega tilbúinn að fallast á það eftir á, á bilinu 1265–84, að hófstilling og óhlutdeilni hefðu sómt sér betur og ekki sist hlýðni við konung.

Þegar menn minnst þessa mikla ófriðar eftir 1264, hefur varla farið hjá því að þáttur Sturlunga þætti frekar slæmur. Má spyrja hvort Íslendingasaga sé einhvers konar réttlætning fyrir framgöngu Sturlunga eða varnarrit. Það verður varla séð í fljótu bragði. Sturla setur ofsa nafna síns Sighvatssonar á oddinn, hann var ofsafenginn í æsku sem þótti góðs viti um efnilegan höfðingja. En ofsin fór ekki af honum heldur jókst. Ofsi hans varð svo mikill, segir Sturla, að hann hugðist yfirbuga alla aðra höfðingja, líka hinn friðsama Gissur Þorvaldsson (I, 402). Sighvatur spurði fornvin sinn einn árið 1238, „Hvé lengi mun haldast ofsi sjá hinn mikli er Sturla hefur umfram alla frændur vora?“ og svaraði sjálfur, „fá eru óhóf alllangæ“ (I, 411).

Sturla Þórðarson gefur líka í skyn ágirnd Snorra og ekki fer heldur hjá að lesendum finnst framkoma Snorra við syni sína lýsa ágrind, ef ekki beinlínis nísku og skorti á fíðurást. Sturla gat vafalaust sett sig í spor þeirra og honum finnst Snorri ekki heldur hafa reynst sér vel enda er svo að sjá að Snorri hafi sjálfur tekið til sín arfinn sem Sturlu haf eftir Guðnýju, ömmu sína. Söguskýring Sturlu virðist sú að ógæfu Sturlunga og sundurþykkju sé einkum að rekja til Snorra. Hann reyndi að hafa forystu fyrir Sturlungum en þessi forysta bilaði, kannski mest vegna eigingirmi Snorra og þröngra sérhagsmuna.

⁸ *Danakonunga sögur*. (Íslenzk fornrit XXXV, 1982), 326.

⁹ *Den norsk-islandske Skjaldedigtning*, A II, 127-8. *Hákonar saga gamla*, 270. kap.

¹⁰ *Den norsk-islandske Skjaldedigtning*, A II, 136-7. Jón Þorkelsson, Erfdirápa hrynhend um Magnús lagabætur. *Smástykkur* 1-16 (STUAGNL XIII, 1884-91), 289-92. Stefán Karlsson, Alfræði Sturlu Þórðarsonar. *Stafarókar* (2000), 294-5.

¹¹ *Hákonar saga gamla*, 287. kap.

¹² Helgi Þorláksson, *Fé og virðing. Sæmdarmenn. Um heidur á ljóðveldisöld* (2001), 91-134.

Spyrja má hvort verið geti að vakað hafi fyrir Sturlu að sýna fram á lesti frænda sinna, ofsa Sturlu Sighvatssonar og ágrind Snorra, þeir hafi ekki gætt þess litillætis og þeirrar mildi sem kirkjan boðaði og það hafi orðið þeim að falli? Líklegt er að hann hafi haft hugmyndafræði guðveldis að leiðarljósi í túlkun sinni.

VI. Dauðinn sem vitnisburður

Sturla gengur ekki fram fyrir skjöldu og lýsir skoðunum sínum með beinum yfirlýsingum og still hans er hlutlægur. Samt má ráða í hugmyndir hans og afstöðu út frá efnisvali og lýsingum. Þannig er t.d. þegar hann lýsir andláti manna. Mikilvægt þótti að menn byggjust vel við dauða sínum og hlytu hægna dauða sem taldist ótvírætt tákni um blessun guðs. Dauðinn skyldi ekki vera bráður, hinn deyjandi skyldi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og hlýða á guðs orð. Dauði á helgum degi brá ljóma yfir hinn látna. Mikils var um vert að halda rænu fram í andlátið og ræða við menn milli þess sem hlýtt var á guðrækilegan lestur. Brýnt var að þiggja þjónustu prests, heilaga kvöldmálts og hinstu smurningu og tilkomumikið þótti og loflegt að deyja með sálm eða Biblíutilvitnun á vörnum.¹³

Sturla lýsir andláti Hákonar gamla í Hákonarsögu og það var alveg samkvæmt uppskrift. Eins ritar hann um andlát föður síns, Þórðar Sturlusonar, hann ráðstafaði eignum sínum, var smurður og söng í andlátinu.

En svo voru hinir sem hlutu slæman dauðdaga. Menn hafa bent á að frásögn Sturlu af síðustu stundum Sturlu Sighvatssonar á Örlýgsstöðum sé hlaðin kristilegum táknum. Skömmu fyrir bardagann dreymdi Sturlu Þórðarson kross og mann sem Vigfús hét og varð fyrir skriðu og sagði nafna sínum frá. Vigfús er auðsæilega tákni fyrir Sturlu Sighvatsson sem nefndist Vigsterkur þegar hann bar fyrir ömmu sína í svefni. Sjálfan dreymdi hann illa nóttina fyrir bardagann en sagði ekki frá draumi sínum. Hins vegar söng hann Ágústínusarbæn en gerði fátt til að undirbúa lið sitt. Sturla Sighvatsson sýndi hér mikla iðrun og efa, hann var nánast eins og úti á þekju og ófær um að undirbúa vörnina. Hinn öruggi herforingi er með öllu ólíkur sjálfum sér, hann sem var góður verkstjóri og vanur að hafa svo mikinn aga á sínum mönnum. Í þessari frásögn rís andstæðingur hans, Gissur Þorvaldsson, hins vegar upp sem hinn traustasti foringi og fataðist ekki.

Spyrja má hvort geti verið að Sturlu Þórðarsyni hafi verið kappsmál að sýna að nafni hans hlaut iðrun og það liti frásögn hans. Er m.ö.o. athugandi hvort verið sé að þóknast friðsemdarmönnum og forkólfum kirkjunnar með þessum frásögnum og berja niður ófriðar- og drambsemishjal sem mun hafa verið tengt nafni Sturlunga. Það skipti vafalítið máli að sýna að Sturla hefði látið af forherðingu sinni og var engu líkara en hann væri andvígur því að berjast. Framferði Sturlu skömmu fyrir Örlýgsstaðabardaga hafði ekki beinlínis verið kristilegt. Árið 1236 vildi hann láta ljósta augun úr Órækju Snorrasyni og gelda hann. Órækja ákallaði heilagan Þorlák og söng Mariubæn og ber svo að skilja að þetta ákall og bæn hafi frelsað hann frá illum fyrirætlunum Sturlu, meidsl urðu minni en til stóð. Konungi þótti Sturla ganga harðar fram en ráðgert var.¹⁴

Alvarlegt þótti að Sturla sótti með her manns að Snorra frænda sínum vorið 1236 án þess að virða páskafrið og kom pálmásunnudag í Borgarfjörð með herinn. Sturla ritar að Þórður faðir sinn hafi þá veitt Sighvati „átölur miklar um það er hann fór að bróður sínum á hátíðum og segir að hann myndi stór gjöld fyrir slíkt taka af guði, gamall maður“ og álasaði honum fyrir að ætla sér um of (I, 392). Má bera saman við það að Kolbeinn Tumason fór að Guðmundi Arasyni á Hólum árið 1208, á sjálfri Mariumessu hinni síðari þegar biskup hugðist gera þjónustu henni til heiðurs „því að Máriu er staðurinn helgaður“ (I, 247). Sagt er að

¹³ Hjalti Hugason, *Framkristni og upphaf kirkju*. (Kristni á Íslandi I, 2000), 343–4. Geysimikið hefur í seinni tíð verið ritað um dauða notrænna miðaldamanna og er margt af því uodr áhrifum frá Philippe Ariès.

¹⁴ Sama, 157. kap.

Þöðurbróðir Kolbeins hafi áður hagað sér álíka á Mariumessu síðari og um þetta segir í Prestssögu Guðmundar, „Af þessum atburði má skilja að Kolbeini var ættagengt að stilla eigi ákefð sína og reiði fyrir hátíðar sakir Máriu drottningar“ (I, 125). Hákonni gamla hefur vart þóknast slík framkoma Sturlu og Sighvats, sannkristnir menn skyldu taka páskafríð hátíðlega en þeir feðgar skeyttu ekkert um það, offors þeirra var engu minna en Kolbeins Tumasonar.¹⁵

VII. Guðmundur góði og ofurdramb Sturlu Sighvatssonar

Á Sturlustefnu árið 1984 hélt Marlene Ciklamini því fram, þar sem hún fjallaði um frásögn Sturlu um Örlygsstaðabardaga, að kjarni hennar væri sá að guð hefði haldið með hinum höfsama Gissuri Þorvaldssyni gegn hinum drambsama og herskáa Sturlu Sighvatssyni. Sturla Þórðarson hefði skilið svo að guð hefði refsað Sturlu nafna hans og látið hann falla vegna ofurdramb.¹⁶

Líkast til er þetta dagsatt en Ciklamini hefði þurft að rökstyðja mál sitt betur. Íslendingasaga reynist við nánari athugun gegnsýrð af kirkjulegum hugmyndum sem mönnum hafa yfirsést, sjálfsagt vegna hins hlutlæga stíls. Hin mikla áhersla sem Sturla leggur á að segja frá Guðmundi biskupi góða varpar ljósi á tilgang hans með ritun Íslendingasögu. Á bilinu 1265–84 hafa margir trúlega undrast og harmað hversu hraksmánarlega var með Guðmund farið, vígðan biskup og gott ef ekki helgan mann. Framkoma Sturlu Sighvatssonar við Guðmund hefur þótt ófyrirgefna og Sturla Þórðarson reynir heldur ekki að finna nafna sínum neitt til afbótunar. Þetta kemur fram í siendurteknum frásögnum í Íslendingasögu af Aroni Hjörleifssyni sem Sturla Sighvatsson hafði fengið dæmdan og lét hundelta en Aron smaug honum jafnan úr greipum sem mönnum hefur þótt eigi einleikið. Aron hafði verið í liði Guðmundar biskups og naut vináttu hans. Í Íslendingasögu er undankomu Arons lýst sem kraftaverki og fer ekki á milli mála að lesandi á að skilja svo að Guðmundur verndaði Aron (I, 291, 305–, 307–8). Aron var guði þóknarlegur vegna vináttu hans við Guðmund en Sturla Sighvatsson var í ónád guðs og því með öllu fyrirumnað að handsama Aron og hefna sín á honum. Þetta vill Sturla Þórðarson sjálfsagt segja okkur, Sturla frændi hans var sleginn blindu vegna ofurdramb en áttaði sig þó á síðustu stundu á Örlygsstöðum. Ekki er ástæða til að halda að safnandi Sturlungu hafi skotið inn frásögnum af Aroni í Íslendingasögu, þær eru nátengdar Guðmundi góða og þar með ætlaðri efnissöfnun Sturlu.

Um ofurdramb er mikið fjallað í Konungsskuggsjá og höfundur færir sér óspart í nyt hina helgu bók. Ofurdramb kemur fyrir í Hirðskrá, sem Magnús lagabætur lét taka saman, sennilega á bilinu 1273–7 og telst meðal sjö höfuðlýta, „stórlæti með dramblegum ofmetnaði ...“ enda vektir það reiði lausnarans. Hirðin skyldi hafa í huga, „höfsemi og sannsýni, lítillæti og réttlæti og tryggleik“.¹⁷ Hirðskráin var byggð á gömlum grunni, e.t.v. allt úr tíð Sverris konungs.

Í Hákonarsögu birtir Sturla kveðskap sinn um Hákon og atburði í lífi hans. Þar segir á einum stað að Skúli hertogi hafi tekið konungsnafn og er orðað svo, „þá er ofrausn/öfðu heilli/randa rjóður/reisa knáttí“. Sturla notar ofrausn annars staðar í merkingunni ofdramb og virðist eðlilegast að líta svo á að hann noti það einnig á sama hátt í vísunni og haldi fram að Skúli hafi ofmetnast.¹⁸ Það hefði hann ekki sagt nema það hafi verið skoðun Magnúsar.

¹⁵ Um páskafríð, treuga ðei o.fl. og mikilvægi þess að taka slíkt alvarlega um 1235–40 sjá Bjarni Einarsson, *Guðsorð á jarðeplaakri. Davíðsdiktur sendur Davíð Erlingsyni fimmtugum* (1986), 7–8. Torfi H. Tulinius, „Guðs lög í verkum Snorra Sturlusonar“. *Ný Saga* 8 (1986), 31–40. Sverrir Jakobsson, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld“. *Saga XXXVI* (1998), 7–46.

¹⁶ Marlene Ciklamini, *Sturla Sighvatsson's chieftaincy. A moral probe. Sturlustefna* (1988), 222–41.

¹⁷ *Hirðloven til Norges konge og hans håndgangne menn*. Útg. Steinar Imsen (2000), 110, 114.

¹⁸ Bergljót S. Kristjánsdóttir, „... ekki ætlaða ek at þat væri mín yfirseta ...“ *Vangavelur um vísur og vinnubrögð sagnaritara í Hákonar sögu. Samtíðarsögur* (Núnda alþjóðlega forsnagnþing. 1994), 106–7. Bergljót telur að tvítræðni gæti í umræddu orði, „ofrausn“.

Pannig bendir þetta til að Magnús hafi getað talað opinskátt um ofurdramb Skúla afa síns og Sturlu átti þá ekki að verða meira fyrir að lýsa ofurdrambi frænda síns og nafna.

Meginsök Sturlu Sighvassonar var sú að hann gætti ekki vel að guði, svo sem birtist í framkomu hans við Guðmund biskup, og hlaut dauða í samræmi við það. Sturla lýsir hins vegar rækilega hægu og guðrækilegu andláti biskups árið 1237, þar fór guðs vinur (I, 399-401).

VIII. Endalok Snorra

Frásögnin um endalok Snorra er óræð, eins og svo margt sem Sturla segir frá honum. Gissurí Þorvaldssyni veittist furðulega auðvelt að taka Snorra af lífi 1241, hann var höggvinn eins og búfé. Hryðjuverkamenn Gissurar vögu að honum og liflátið fór fram í kjallara. Prestur bað Snorra griða en á það var ekki hlustað, guð var víðs fjarri Snorra, hann fékk ekki færi á að iðrast og skrifa.¹⁹

Snorri var sviptur lífi eins og einhver illvirki eða félagslegt úrhrak. Ætli þetta geti staðist eða var Sturla að sviðsetja?

Ömurlegur dauðdagi Snorra á vísast að segja einhverja sögu, en hverja? Ágírd hans taldist varla vel kristileg né kvennamál heldur, en aðalatriði mun vera að Snorri var veginn að undirlagi konungs. Snorri var lendur maður konungs og fór frá Noregi í banni hans. Í Hirðskrá töldust þetta vera „sönn svik“ og slíkur svikari hafði „fyrirgert fé og friði, landi og lausum eyri“.²⁰ Hin beina ásökun konungs á hendur Snorra, sem fram kom í bréfi konungs til Gissurar um mál Snorra árið 1241, var sú að hann hefði farið út til Íslands í banni (I, 453). Sök Snorra var þó enn verri, hann sem var í sérstöku trúnaðarsambandi við konung, var vitorðsmaður í uppreisn gegn honum en slíkt hefði líklega þurft að leiða í ljós með ramsókn í Noregi, konungur gerði það ekki að aðalatriði að svo stöddu. Með rækilegri frásögn sinni af lifláti Snorra vill konungsmaðurinn Sturla sjálfsgagt leggja áherslu á að sá verknaður hafi verið réttmætur. Frá Sturlu höfum við vitneskjuna um það að Snorri var fólgsnarjarl hertogans, skyldi verða jarl Skúla á Íslandi þegar hertoginn hefði ráðið niðurlögum Hákonar og væri orðinn Noregskonungur sjálfur.

Ekki vantar dæmi í Konungsskuggsjá um drottinsvika og makleg málagiöld þeirra. Adonias hugðist svikja Davíð konung, föður sinn, og gerast konungur sjálfur en Davíð refsaði honum með því að gera Salómon, bróður hans, að konungi. Adonias þóttist iðrast en undirtjó nýja uppreisn og lét þá Salómon taka hann af lífi. Frændsemi og mágsemd komu ekki í veg fyrir að Hákon léti taka Skúla af lífi, 1239. Snorri minnir á Jóab hertoga sem var með Adoniasi í ráðum og Salómon lét vega (224-41).

Drottinsvik eða heitrof gátu verið með ýmsum hætti.²¹ Hugsanlegt hefði verið fyrir Snorra að sýna iðrun, biðjast miskunnar og bjóða yfirbót 1240 en það gerði hann ekki og liflát hans var því réttlát refsing.²² Mál Skúla og Snorra var harmleikur en það var aukaatriði, hin réttláta refsing var aðalatriði.

IX. Íslendingasaga sem trúfræðileg iðrunarskrif

Hér er gefið undir fótinn með það að frásögn Sturlu kunnri mjög að vera lituð af skoðunum hans og þeim skoðunum sem áttu upp á pallborðið í konungsgarði í tíð Magnúsar lagabætis. Sturla var stjórnmálamaður, maður sem átti mikið undir hylli fólks. Hann biðlaði til manna um stuðning og

¹⁹ Úlfar Bragason ber saman lýsingar Sturlu á endalokum bræðranna Þórðar, Sighvats og Snorra og telur að í þeim komi fram siðferðilegt mat Sturlu á lífshlaupi þeirra. Úlfar tengir ekki sérstaklega við guðveldi eða pólitík konungs og kirkju. Sbr. „The art of dying“. *Scandinavian Studies* 63 (haust 1991), 454. Athuganir Úlfars hvetja til að sagnfræðilegt gildi dauðalýsinganna sé tortryggt.

²⁰ *Hirðloven*, 92, 148.

²¹ Magnús Stefánsson, Drottinsvik Sturlu Þórðarsonar, *Sturlustefna* (1988), 164-9, 173-4.

²² Konungur fúlyrti að Snorri hefði ekki dáið, hefði hann komið á fund hans (*Hákonar saga gamla*, 217. kap.). Þetta lítur út eins og Snorra hafi skort auðmýkt og undirgefni til að beiðast vægðar og því farið sem fór.

gekk á ýmsu. Eftir 1263 var hann enn stjórnmalamaður og átti mikið undir hylli konungvalds og þá var eindrægni og samhugur með konungi og kirkju í Noregi og staða kirkjunnar að verða afar sterk á Íslandi. Þetta voru viðsjárverðir tímar fyrir gamlan höfðingja, nýir menn komu fram á sjónarsviðið og menn af gömlu goðaættunum öttuðust um stöðu sína. Sturla var einn af þeim og það gat verið erfitt fyrir hann að glíma við þann draug að Sturlungar hefðu verið miklir ófriðarseggir og gæfutilitir og ófærir til forystu af því að þeir deildu innbyrðis.

Myndin sem við höfum af hinum óhlutdræga fræðimanni, Sturlu Þórðarsyni, er með öðrum orðum varasöm. Hann var öðru fremur stjórnmalamaður og það er ansi hætt við að hann hafi nýtt sér fræðimennsku og frásagnargáfu í pólitískum tilgangi. Hann var þó einarður að því leyti að hann viðurkenndi mistök ættar sinnar. Þeir Sighvatgur og Sturla, sonur hans, höfðu ekki skilið kall tímans, ekki áttað sig á kröfum kirkju og konungs og vakið reiði guðs og Noregskonungs sem var „Kristur drottins“. Og Snorri hafði kallað yfir sig réttláta dauðarefsingu. Sturla Þórðarson kom sjálfur til konungs 1263 sem iðrandi syndari, hafði ekki tekið það mark á konungserindi sem honum bar, leyfði sér að sækjast eftir völdum í Borgarfirði í trássi við vilja konungs og var rekinn á fund hans til að taka út sína refsingu. Í þessu ljósi ber að skoða Íslendingasögu, hún er iðrumarskrif og í henni er vafalaust reynt að tefla fram kórreittum skilningi á trúaratriðum og konungspólitík.²³ Iðrandi syndari sem játaði villu síns vegar gat átt von á miskunn. Þess vegna er freistandi að halda að Sturla hafi þegar um 1266 verið farinn að semja frásögnina um tímabilið fram til 1242. Helsta afbötun hans er líklega sú að þeir feðgar, Þórður og hann, hafi ætíð verið góðir vinir Guðmundar biskups og hann leggur áherslu á að draga þetta fram.

X. Heimildargildi Íslendingasögu

Hér er því haldið fram að Sturla hafi skrifað um tímabilið fram til 1242 á þann veg sem taldist rétt og viðeigandi í konungsgarði. En hvaða áhrif hafði það á frásögn hans? Er hugsanlegt að Sturla hagræði staðreyndum og sviðsetji til að lýsingar falli sem best að ríkjandi viðhorfum og hugmyndafræði?

Kringumstæður við dauða Snorra og Sturlu Sighvatssonar þykja ótrúlegar. Það var venja að Snorri hefði um sig fjölmenni og nyti hins góða og mikla virkis sem var í Reykholti þegar menn sóttu að honum. Því var ekki að heilsa þegar Gissur kom, hann gekk með mönnum sínum beint inn í svefnskemmu Snorra, virkið var engin hindrun og er ekki nefnt. Er þess ekki getið að fleiri hafi verið heima á bænum en Snorri og presturinn Arnbjörn. Um það fámum við ekki að vita hvort menn Snorra vörðust en hitt er líklegt að endalokin séu sviðsett og má t.d. benda á að þau minna töluvert á endalok keisarans Caligulu, eins og Suetonius lýsir þeim. Skal fyrst rifjað upp hvernig Sturla lýsir endalokum Snorra,

Símon knútur það Árna höggva hann. „Eigi skal höggva“, sagði Snorri. „Högg þú“, sagði Símon. „Eigi skal höggva“, sagði Snorri. Eftir það veitti Árni honum banasár og báðir þeir Þorsteinn unnu á honum (I, 454).

Önnur útgáfa sögunnar um endalok Caligulu er þannig að hann var á gangi með félögum sínum og komu þá menn að þeim og einn hjó hann með sverði í andlitið svo að hann féll við á götuna með brotinn kjálka en kallaði, „Ég er enn á lífi“. Þá hrópaði fólk umhverfis, „Höggðu aftur“ og þá var hann særður mörgum sárum, m.a. lagður sverði í kynfæri, og dó.²⁴ Þetta er ímynd hins óvirðulega dauðdaga og sigild rómversk rit voru viðmiðanir um slíkt á miðöldum. Lík með brotinn kjálka var ekki líklegt til að vera þekkilegt enda sagði Skúli

²³ Atli Harðarson ritar, „Sturlunga saga [les Íslendinga saga?] dregur taum konungs- og kirkjuvalds“ og leggur út af kenningunni um sverðin tvö sem hann telur að Sturla Sighvatsson hafi viðurkennt en Snorri hafi verið andsnúinn konungsvaldi, sem er vafasamt Sbr. Atli Harðarson, „Sturlunga, goðaveldið og sverðin tvö“. *Skírnir* 174 (vor 2000), 49–78.

²⁴ Suetonius (Gaius Suetonius Tranquillus), *The Twelve Caesars* (Penguin Classics, 1957), 178.

hertogi þegar banamenn hans sóttu að honum, „Höggíð eigi í andlit mér því að það er engi síður við höfðingja að gera“.²⁵ Fram kemur að Snorri var höggvinn, ekki t.d. lagður spjóti, og ætti því að hafa verið höggvinn í höfuð og háls.

Í Þórðarsögu segir frá því að fyrrnefndum Símoni sem fór að Snorra í kjallararúm hafi verið eignaðir áverkar við Snorra (II, 33) en Sturla segir ekki frá því. Þar sem Snorri var veginn í kjallara, virðist eðlilegra að gera ráð fyrir að hann hafi verið lagður með vopnum frekar en höggvinn.

Kringumstæður við lát Sturlu Sighvatssonar eru enn dularfyllri, hann og menn hans fengu góðan tíma til að búast fyrir og verjast en höfðust lítið að. Er undarlegt t.d. að bræður hans og vaskir fylgdarmenn höfðust fátt að. Líð þeirra Gissurar og Kolbeins sást í aðsókn sinni og leið sjálfsgagt a.m.k. klukkutími þar til sveitum laust saman, sé miðað við vegalengdina sem farin var frá því að komumenn sáu. Engu að síður ritar Sturla um varnir nafna síns,

Skildir voru bundnir í klyfjar og urðu þeir eigi leystir. Einn skjöldur var laus er á var markað crucifixum [krosshangi, Kristur]. Sá var Sturla ætlaður en hann tók eigi við (I, 431).

Þetta var efir öðru, allt fór í handaskólum og Kristur gat ekki orðið til hjálpar. Vaknar grunur um að ekki sé vel að treysta frásögninni um raunverulega atburði, henni sé fyrst og fremst ætlað að vera táknað. Þetta kemur t.d. fram í því hvernig sagt er frá sárum sem Sturla á að hafa hlotið, hann hafði litla brynju og lítinn buklara og lélegt spjót sem menn telja að muni hafa verið úr heiðni. Þeir sem lögðu að honum voru lítt kunnir en miklu betur búinir og Sturla kallaði þá smádjöfla. Annar þeirra lagði í hægri kinn Sturlu að beini. Þá komu enn tveir menn, annar lagði í vinstri kinn „og skar spjótið út úr tungu og var sárið beinfast“. Hinn lagði spjóti í kverkar Sturlu og renndi upp í munninn“ (I, 435). Þessi áhersla á munninn er sérstök. Þegar Sturla var málaus orðinn, reyndi hann samt að taia og skildist manni nokkrum að hann beiddist prestsfundar en því var ekki sinnt. Sturla hlaut fleiri sár, svo sem í kvið og „Þrjú sár hafði hann á bringunni vinstra megin“ en Sturla nafni hans hefur ekki gert sér far um að upplýsa um þau eða tildrög þeirra. Sárin í munni skiptu mestu máli. Skilst þá að Sturla telur nafna sinn hafa dreymt dauða sinn, þegar hann vaknaði sveittur um andlitíð hinn hinsta dag, því að hann strauk „fast hendinni um kinnina og mælti, „Ekki er mark að draumum““ (I, 430). Hann vissi því fyrir dauða sinn, að tali nafna síns, og vart fer á milli mála hver veitti vitneskjuna, það var guð, beint eða óbeint. Sambærilegt er að Gissur dreymdi sömu nótt hinn nýlega látna Magnús biskup, fíðurbróður sinn, sem bauðst til að fara með honum til bardagans, eftir því sem Sturla Þórðarson hermir (I, 429). Þetta á auðsæilega að bera saman og er athyglisvert að Hjalti, sonur Magnúsar biskups, er sagður hafa lagt spjóti í vinstri kinn Sturlu Sighvatssonar. Þegar Sturla kallaði þá sem að honum lögðu smádjöfla, þó ekki Hjalta, má skilja svo að hann hafi þegar verið farinn að taka út refsingu, líkt og í hreinsunareldi.²⁶ Sturla sagði líka við einn aðsóknarmanna, „Ertu þar enn fjandinn?“ Lík Sturlu var svipt klæðum þannig að það varð alveg bert en Sighvatur fékk að halda nærbrókum, og e.t.v. skyrtu, svo sem mælt var fyrir í Hirdskrá. Sturla var því leikinn eins og þjófur eða illmenni, þegar hann var sviptur klæðum, og vopn var lagt í andlit honum, sem var „engi síður við höfðingja að gera“. Niðurlægning hans var því mikil.²⁷

Þessi frásögn er þaulhugsuð, sviðsetning er skýr og engin líkindi til að sá sem safnaði til Sturlungu hafi hnikað frásögn Sturlu; tengslin milli draums Gissurar, draums Sturlu og lags í kinn eru of náin og skýr til þess.

²⁵ *Hákonar saga gamla*, 213. kap.

²⁶ Margaret J. Cormack, „Saints and sinners“. *Gripla VIII* (1994), 205.

²⁷ Kari Ellen Gade, „The naked and the dead in Old Norse society“. *Scandinavian Studies* 60 (1988), einkum 219–20, 238–41.

Þar sem frásögnin er hlaðin táknum, er líklegt að lag í munn hafi ákveðna merkingu. Til samanburðar er það t.d. að Haraldur konungur Guðínason, sem féll við Helsingjaport (Hastings) 1066, hlaut ör í auga og skildu andstæðingar hans svo að honum væri refsað fyrir síðferðilega blindu, þar sem hann stóð ekki við dýra eiða sína.²⁸ Í þessu var talin birtast refsing guðs og enn er til samanburðar að Kolbeinn Tumason dó þannig í bardaganum við menn Guðmundar Arasonar í Víðinesí 1208 að hann hlaut stein í höfuðið og var aldrei upplýst hvaðan steinninn kom. Í Hrafnis sögu Sveinbjarnarsonar hinní sérstöku (líklega frá um 1240–60) segir að lát Kolbeins hafi verið „að guðs fyrirætlan“.²⁹ Ber trúlega að skilja svo að guð hafi valdið að Sturla hlaut lag í kinn og munn. Endalokin eru sambærileg að því leyti að Kolbeinn hafði gert sig sekan um ofurdramb og forherðingu, sem var furðuleg í augum sanntúaðra, þegar hann fór að biskupi á Hólum á sjálfa Maríumessu síðari.³⁰

Þótt hér hafi komið fram að frásögn Sturlu af atburðum fram til 1242 sé lituð af skoðunum hans, er ekki þar með sagt að hún tapi mjög miklu af gildi sínu. Auðvitað fer hann almennt rétt með helstu staðreyndir, hver var óvinur hvers, hver fór gegn hverjum og hvar og hvenær o.s.frv.

Meginlærdómurinn eftir þessa umfjöllun er þá sá að við megum ekki taka of bókstaflega ýmsar lýsingar Sturlu, svo sem á Örylgsstaðafundi og endalokum Snorra. Dregnar eru upp myndir og sviðsett í samræmi við ríkjandi hugmyndafræði við norsku hriðina, hugmyndafræði sem kennd er við guðveldi (teókrati) og íslenskum ráðamönnum bar að tileinka sér eftir 1262.

²⁸ Um dauða Haralds, sbr. T.S.R. Boase, *Death in the Middle Ages. Mortality, Judgement and Remembrance* (1972), 12. Haraldur hafði áður verið skipreika í Frakklandi og þá svarið Vilhjálmí bastardi eio við helga dóma um það að styðja hann í kröfum sem hann gerði til ensku krúnunnar en taldist hafa svikið þetta, sbr. *Encyclopedia Britannica* (1963).

²⁹ *Hrafnis saga Sveinbjarnarsonar*. Útg. Guðrún P. Helgadóttir (1987), 29.

³⁰ Um ofurdramb (superbia) Kolbeins 1208, sjá Marlene Ciklamini, *Battling bishop Guðmundr and the liberty of the church. The function of kinship. Germanisches Altertum und Christliches Mittelalter. Festschrift für Heinz Klöngenberg* (2002), 10–11.